

✉ Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins 2021

Búið til	29.9.2021 09:42:56
Höfundur	Porkell Lindberg Þórarinsson
Sent	29.9.2021 09:42:51
Tilheyrir	📁 202109-0039 - Veiðipól rjúpnastofnsins 2021

Efni

Mat á veiðipoli rjúpnastofnsins 2021

Upplýsingar

Sent	29.9.2021 09:42:51	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	24-1-0 Fuglar - almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Porkell Lindberg Þórarinsson - NI (Thorkell.L.Thorarinsson@ni.is)
Til	ust@ust.is, skuli.thordarson@umhverfisstofnun.is
Cc	bjarni@umhverfisstofnun.is, bjorn.helgi.barkarson@uar.is, sigurdur.thrainsson@uar.is, Sunna.B.Ragnarsdottir@ni.is, Olafur.K.Nielsen@ni.is, Kristinn.H.Skarpheinnsson@ni.is

Innihald

Umhverfisstofnun

Skúli Þórðarson, sviðsstjóri

Tilvísun í mál nr. 202109-0039 (ÓKN, PLÞ)

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur metið veiðipól rjúpnastofnsins haustið 2021 og er niðurstöðurnar að finna í meðfylgjandi greinargerð. Forsendur matsins byggja á þeirri stefnu stjórnvalda að rjúpnaveiðar skuli vera sjálfbærar í þeim skilningi að stofninn nái að sveiflast á milli lágmarks- og hámarksára innan þeirra marka sem náttúruleg skilyrði setja honum hverju sinni.

Enginn ágreiningur var um ástand rjúpnastofnsins 2021 og árangur veiðistjórnunar 2005 til 2020 á samráðsfundi fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Umhverfisstofnunar, Skotveiðifélags Íslands og Fuglaverndar sem haldinn var 7. september sl.

Í hnotskurn sýna mælingar fækkun rjúpna 2020-2021, í sumum landshlutum er stofninn að nálgast lágmark en rétt að byrja að falla í öðrum. Til lengri tíma litið hefur rjúpnastofninn hagnað. Miklar breytingar urðu á lýðfræði rjúpunnar í kjölfar friðunar 2003 og 2004 og breytinga á veiðisókn frá og með 2005. Þetta lýsir sér m.a. í því að affallapáttur $\frac{3}{4}$ sértækur fyrir fugla á fyrsta ári $\frac{3}{4}$ sem áður var lýðfræðileg skýring stofnsveiflunnar sýnir nú engin tengsl við stofnstærð en hefur vaxið jafnt og þétt. Einnig, affallapáttur sameiginlegur aldurshópunum og var áður lýðfræðileg skýring hnignunar stofnsins (veiðar eru hluti af þessum stuðli), sýnir nú tengsl við stofnstærð árið á undan og breytingar á honum ráða því að rjúpnastofninn á Norðausturlandi rís og hnígur á fimm ára fresti. Viðkoma rjúpunnar var mæld í tveimur landshlutum 2021, hún var þokkaleg á Norðausturlandi en léleg á Vesturlandi. Afkoma unga hefur versnað frá síðustu aldamótum samanborið við áratugin á undan, tíðarfar er einn áhrifavalda hér.

Rjúpan hefur verið friðuð í Landnámi Ingólfs allar götur frá 2003. Upphafleg röksemd friðunar voru rannsóknahagsmunir en nú er röksemdin gildi friðlanda fyrir nálæg svæði þar sem rjúpur eru veiddar.

Nýtt svæðaskipt stofnlíkan hefur verið gert fyrir rjúpunna. Það gefur stofnmat og dánartölu skipt eftir landshlutum. Næsta skref verður að innleiða þetta nýja líkan við veiðiráðgjöf.

Veiðistjórnun byggir á sölubanni á rjúpum, takmörkun á fjölda veiðidaga og hvatningu til veiðimanna um að sýna hófsemi. Árlega er gefin út tala fyrir ásættanlegan afla og meðalveiði á veiðimann. Veiðistjórnun hefur gengið ágætlega og veiðiafföll hafa lækkað. Veiðimenn breyttu háttalagi sínu frá og með 2005 og hafa sótt á svipaðan máta allar götur síðan. Sóknarmunstur þeirra er þó þannig að tilhneiging er til að veiða umfram ráðgjöf þegar rjúpnastofninn er lítill en undir ráðgjöf þegar stofninn er stór. Breytingar á dánarstuðlum eru þó aðrar en við var búist samanborið við það sem sagt var hér að ofan.

Veiðistofn rjúpunnar er metinn 248 þúsund fuglar haustið 2021 og ráðlögð veiði er um 20 þúsund fuglar eða um fjórir fuglar á veiðimann. Miðað við hvernig veiðimenn svara breytingum í stærð rjúpnastofnsins má telja nær öruggt að raunveruleg veiði verði yfir 30 þúsund fuglar.

Rjúpan er lykiltegund í fæðuvefnum og m.a. forsenda fyrir tilvist fálka. Hún er á Válista sem tegund í yfirvofandi hættu. Í ljósi þessa alls leggur Náttúrufræðistofnun mikla áherslu á að hvergi verði slakað á í þeirra viðleitni að draga sem mest úr heildarafföllum rjúpunnar og afli verði ekki umfram um 9% af veiðistofni.

Virðingarfyllt,

Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Þorkell Lindberg Þórarinnsson

Forstjóri/Director General

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tel: 590 0500

Email: thorkell.l.thorarinsson@ni.is (mailto:thorkell.l.thorarinsson@ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Viðhengi

image001.png (5 KB)

VeiðiráðgjöfNI-2021.pdf (2 MB)